

Starfsreglur fulltrúaráðs Heimilis og skóla – landssamtaka foreldra

Fulltrúaráð **Heimilis og skóla** er samstarfs- og samráðsvettvangur foreldraráða og foreldrafélaga í landinu. Fulltrúar svæðaráða, sem samanstanda af stjórnnum foreldrafélaga og foreldraráða, ásamt trúnaðarmönnum á þeim stöðum þar sem slík samtök starfa ekki, mynda fulltrúaráðið. Fulltrúaráðið starfar í nánnum tengslum við stjórn og starfsmenn landssamtakanna. Stjórn landssamtakanna er málsvari foreldra í landinu og með tilkomu fulltrúaráðs er mynduð breiðfylking foreldra í landinu sem vinnur að eflingu foreldrasamstarfs og gætir hagsmuna foreldra og barna á landsvísu.

1. gr.

Markmið fulltrúaráðsins er að tengja landssamtökin betur svæðaráðum foreldra um allt land í því augnamiði að raddir foreldra heyrist betur og samtakamáttur þeirra eflist. Þeim svæðaráðum sem eiga aðild að samtökunum gefst kostur á að tilnefna einn til tvo fulltrúa, (eftir legu og íbúafjölda) frá viðkomandi svæði í fulltrúaráðið til þriggja ára í senn en stærstu sveitarfélögin skulu eiga einn fulltrúa hvert, þ.e. Reykjavík, Kópavogur, Garðabær, Hafnarfjörður, Seltjarnarnes, Mosfellsbær, Reykjanesbær, Árborg og Akureyri.

2. gr.

Stjórn landssamtakanna kallar saman fulltrúaráðið til sérstaks landsfundar einu sinni á ári eða oftár ef þurfa þykir. Leitast verði við að halda fundi utan höfuðborgarsvæðis þriðja hvert ár. Fulltrúaráðið er bakland stjórnar þar sem skipulögð og gagnkvæm upplýsingamiðlun fer fram.

3. gr.

Svæðaráð foreldra leitast við að efla foreldrasamstarf á sínu svæði. Með þátttöku í fulltrúaráði Heimilis og skóla skuldbinda viðkomandi svæðaráð sig til að skipa trúnaðarmann/fulltrúa í ráðið sem sér um að miðla upplýsingum frá starfsmönnum Heimilis og skóla til foreldra á sínu landssvæði og tekur þátt í fundum fulltrúaráðsins. Fulltrúar eru ábyrgir fyrir því að koma upplýsingum um stjórnarskipan í foreldraráðum og foreldrafélögum á sínu svæði til Heimilis og skóla á hverju hausti. Einnig standa þeir ásamt sínum svæðaráðum reglulega fyrir námskeiðum fyrir foreldraráð, foreldrafélög og bekkjarfulltrúa með stuðningi landssamtakanna ef óskað er.

4. gr.

Tengsl fulltrúaráðs við stjórn Heimilis og skóla eru m.a. á sameiginlegum fundum en verkefnastjóri er sérstakur tengiliður milli stjórnar og fulltrúaráðsins. Heimili og skóli veitir fulltrúum handleiðslu, ráðgjöf og upplýsingar m.a. með rafrænu fréttabréfi. Á heimasíðu samtakanna verður upplýsingaveita fyrir fulltrúaráðið. Einnig eru landssamtökin svæðaráðum innan handar varðandi námskeiðahald og starfsemi svæðaráðanna.

5. gr

Fulltrúaráðinu er heimilt að tilnefna einn fulltrúa og annan til vara í ellefu manna stjórn landssamtakanna. Fulltrúi er valinn á fundi fulltrúaráðs sem haldinn skal fyrir aðalfund á hverju ári.

Samþykkt af stjórn Heimilis og skóla 29. apríl 2006

f.h. stjórnar María Kristín Gyölfadóttir